



Forsætisnefnd

Breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna funda borgarstjórnar

Á vinnudegi forsætisnefndar sem haldinn var 28. apríl sl. var rætt um fyrirkomulag á fundum borgarstjórnar og tímasetningu borgarstjórnarfunda, en í samræmi við tilraunaverkefni sem forsætisnefnd samþykkti á fundi sínum 4. nóvember sl. hafa borgarstjórnarfundir hafist kl. 12.00 og hefur verið stefnt að því að þeim ljúki að jafnaði fyrir kl. 19.30. Hefur þessi breyting almennt verið talin til bóta og er nú tímabært að gera breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar til að festa þessar breytingar í sessi og aðrar sem forsætisnefnd telur nauðsynlegt að gera.

Meðfylgjandi eru tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, sem unnar hafa verið af skrifstofu borgarstjórnar í kjölfar vinnudags forsætisnefndar:

8. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar hljómar svo:

Borgarstjórn heldur reglulega fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 14.00. Borgarstjóri, forseti borgarstjórnar eða borgarstjórn geta ákveðið annan fundarstað.

8. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar verður svohljóðandi:

Borgarstjórn heldur reglulega fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur **samkvæmt fundadagatali sem borgarstjórn samþykkir á síðasta fundi sínum fyrir sumarleyfi**. Borgarstjórn skal að jafnaði funda tvisvar í mánuði, á þriðjudögum sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag, og skulu fundir hefjast kl. **12.00**. Borgarstjóri, forseti borgarstjórnar eða borgarstjórn geta ákveðið annan fundarstað og fundartíma.

3. mgr. 10. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar hljómar svo:

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna forsætisnefnd það skriflega fyrir kl. **11:00** á föstudegi fyrir reglulegan fund borgarstjórnar.

3. mgr. 10. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar verða svohljóðandi:

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna forsætisnefnd það skriflega fyrir kl. **9:00** á föstudegi fyrir reglulegan fund.



22. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar hljómar svo:

Borgarfulltrúar mega tala **þrisvar** við hverja umræðu máls. Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli. Forseti getur heimilað borgarfulltrúa að gera stutta athugasemd oftari en einu sinni undir hverjum dagskrárlið sé um að ræða athugasemd um fundarsköp, fundarstjórn forseta eða ef borgarfulltrúi hyggst bera af sér ámæli. Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi og getur því tekið til máls oftari en **þrisvar**.

22. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar verður svohljóðandi:

Borgarfulltrúar mega tala **tvisvar** við hverja umræðu máls, að **frummælenda undanskildum sem má tala þrisvar**. Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli. Forseti getur heimilað borgarfulltrúa að gera stutta athugasemd oftari en einu sinni undir hverjum dagskrárlið sé um að ræða athugasemd um fundarsköp, fundarstjórn forseta eða ef borgarfulltrúi hyggst bera af sér ámæli. Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi og getur því tekið til máls oftari en **tvisvar**.

1. mgr. 23. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar hljómar svo:

Við umræðu um mál skv. 4. tölul. 2. mgr. 10. gr. má ræðutími í fyrstu ræðu vera allt að **tíu mínútur**. Ræðutími í seinni ræðum má vera allt að fimm mínútur. Hið sama gildir um ræður borgarstjóra. Við umræður um önnur mál, fundargerðir skv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. og við umræður utan dagskrár er ræðutími takmarkaður við fimm mínútur.

1. mgr. 23. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar verður svohljóðandi:

Við umræðu um mál skv. 4. tölul. 2. mgr. 10. gr. má ræðutími í fyrstu ræðu vera allt að **átta mínútur**. Ræðutími í seinni ræðu/m má vera allt að fimm mínútur. Hið sama gildir um ræður borgarstjóra. Við umræður um önnur mál og fundargerðir skv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. er ræðutími takmarkaður við fimm mínútur.

24. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar hljómar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki annarri ræðu eða öðru andsvari.

Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en **tvær mínútur** og skal ræðumanni heimilt að svara því á **tveimur mínútum**. Svári ræðumaður andsvari er þeim sem andsvar veitti heimilt að veita andsvar öðru sinni og er ræðumanni jafnframt heimilt að svara því andsvari. Veiti fleiri en einn borgarfulltrúi andsvar við sömu ræðu skal ræðumanni að jafnaði veitt færi á að svara hverju andsvari fyrir sig.

Orðaskipti í andsvörum mega að jafnaði ekki standa lengur en **16 mínútur í einu**. Heimilt er forseta að takmarka ræðutíma í andsvörum enn frekar en skv. 2. mgr., sé fyrir séð að orðaskipti muni að öðrum kosti standa lengur.

Að jafnaði er borgarfulltrúa heimilt að veita andsvar við tveimur ræðum undir hverjum dagskrárlið.



24. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki annarri ræðu eða öðru andsvari.

Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en **eina mínútu** og skal ræðumanni heimilt að svara því á **einni mínútu**. Svári ræðumaður andsvari er þeim sem andsvar veitti heimilt að veita andsvar öðru sinni og er ræðumanni jafnframt heimilt að svara því andsvari. Veiti fleiri en einn borgarfulltrúi andsvar við sömu ræðu skal ræðumanni að jafnaði veitt færi á að svara hverju andsvari fyrir sig.

Orðaskipti í andsvörum mega að jafnaði ekki standa lengur en **10 mínútur í einu**. Heimilt er forseta að takmarka ræðutíma í andsvörum enn frekar en skv. 2. mgr., sé fyrirséð að orðaskipti muni að öðrum kosti standa lengur.

Að jafnaði er borgarfulltrúa heimilt að veita andsvar við tveimur ræðum undir hverjum dagskrárlið.

Borgarstjórn skal hafa tvær umræður um breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 1. tl. 2. mgr. 14. gr. samþykktarinnar.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar